

1860. yfir norður- og austurumdæminu útvegaði yður skýrslu þá, sem
21. júní. að ofan er um getið¹.

22. júní. **37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kostnað við að handsama og flytja Guðmund Guðmundsson „kíkir“.**

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 22. nóvemberm. f. á. beðið um úrskurð dómsmálastjórnarinnar útaf því, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hafi færzt undan að endurgjalda jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins 9 rdl., er árið 1857 voru greiddir úr hinum fyrnefnda sjóði í þann kostnað, er leiddi af að handsama og flytja heim á leið úr Þingeyjar sýslu Guðmund nokkurn Guðmundsson, að auknefni „kíkir“, er átti heima í suðurumdæminu.

Í þessu efni lætur ekki stjórnin hjá líða að birta yður, að þaræð Guðmundur þessi var handsamaður og sendur úr norðurlandi suður til áttarga sinna, án þess um það hefði komið nein bréfleg beiðni frá yfirvöldunum á suðurlandi, og þér þar á móti höfðuð tekið upp hjá sjálfum yður að láta gjöra þetta, þá getur ekki stjórnin álitit, að jafnaðarsjóði suðurumdæmisins sé skylt að standa kostnað þann, er af því leiddi.

1) Dómsmálastjórnin ritaði amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu 9. dag júlím. 1860 samkvæmt tilmælum kirkju- og kennslustjórnarinnar; í því bréfi er meðal annars svo að orði kveðið, að dómsmálastjórnin álti það vafalaust, að amtmaðurinn ekki aðeins hafi haft heimild til að hafa afskipti af máli þessu, heldur hafi hann jafnvel verið skyldur til þess eptir rentukammerbréfi 30. septembermánaðar 1825; málefnið heyrir reyndar einnig undir yfirstjórn andlegrar stéttar mála, biskup og stiptamtman, en ekki biskup einn, einsog amtmaður virtist að álita, af því það snerti kirkjueign, en með því það og snerti almennan landshag, þá sé það sjálfsgagt, að málefnið að því leyti einnig heyrir undir umráð hinna veraldlegu yfirvalda.